



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 2. nóvember 2012

Ákvörðun nr. 24/2012

Kaup Zebra Lux Holding S.á.r.l. á hlutafé í félaginu Zebra A/S.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Mál þetta varðar kaup félagsins Zebra Lux Holding S.á.r.l. (hér eftir „Newco“) á [...]% hlut í Zebra A/S (hér eftir „Zebra“) frá félaginu Mitco ApS (hér eftir „Mitco“). Með bréfi dags. 15. október 2012 tilkynnti EQT VI Limited (hér eftir EQT), móðurfélag Newco, um umrædd kaup. Samrunatilkynningin var útbúin í samræmi við ákvæði 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og viðauka við þær. Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða að hluta, sbr. c-lið 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.¹

Samruni þessi varðar kaup Newco á hlutafé í Zebra. Newco er nýstofnað eignarhaldsfélag sem ekki á sér fyrri rekstrarsögu. Var félagið stofnað sérstaklega í þeim tilgangi að taka

¹ Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



Þátt í umræddum kaupum EQT á Zebra. Newco lýtur óbeint stjórn EQT en EQT er sjóður sem settur var á laggirnar árið 2011 og fjárfestir aðallega í Norður Evrópu. EQT er partur af hópi EQT fjárfestingasjóða sem njóta ráðlegginga frá EQT Partners A/B og dótturfélögum þess. Með samrunatilkynningunni fylgdi listi yfir þau fyrirtæki sem eru undir yfirráðum EQT sjóðanna en þar á meðal eru XXL Sport & Villmark (íþróttavörusmáali), Internetstores (þýsk vefverslun), Granngården (sænskur smáali með matvörur), CBR (þýskur heildsali með fatnað), ISS (þjónusta fyrir húsnæði), Carl Zeiss Vision (augnlinsur), BTX Group (verslun með fatnað) og Sanitec (bað-og sturtuvörur).

Félagið Zebra er móðurfyrirtæki Tiger verslananna sem nú eru starfræktar í 16 löndum í Evrópu og eru þær fjórar talsins á Íslandi. Í samrunatilkynningunni segir að Tiger verslanirnar selji til einstaklinga á smásölumarkaði úrval af varanlegum og árstíðarbundnum vörum, bæði matvörur og aðrar vörur.

Að mati samrunaaðila eru engar raunverulegar láréttar eða lóðréttar skaranir á milli starfsemi Zebra og starfsemi EQT eða annarra fyrirtækja í eignasafni EQT sjóðanna. Er það mat aðilanna að viðkomandi vörumarkaður sé markaður fyrir sérvörur í heild sinni, m.a. fatnað og búsaðöld.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. horft til þess að markaðshlutdeild verslana Tiger eru óveruleg hér á landi og að ekki sé sjáanleg skörun á milli starfsemi Zebra og starfsemi fyrirtækja í eignasafni EQT sjóðanna.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson